

Oddeyrartangi og Ósinn 1931. Haustið 1929 fékk Shell leyfi til að reisa oliugeyma á Tanganum. Við hlið geymanna standa síldveiðiskip á þurru landi og bíða næstu vertíðar. Fiskreitir eru allt í kringum Ósinn þar sem saltfiskur var þvegin og þurrkaður úti undir berum himni. Gránufélagshúsin lengst til hægri eru einuhúsin sem enn standa.

Oddeyri Point and the Estuary 1931. In autumn 1929 Shell obtained permission to build oil tanks on the Point. Herring boats onshore await the next season. Around the Estuary are plots for the open air washing and drying of salted fish. Gránufélag buildings on the far right are the only houses remaining from this period.

Ljósmynd: Viglús Sigurgeirsson




Gránufélagið

Fram yfir 1870 var lítill grundvöllur til byggðar á Oddeyri. Þar var enga vinnu að hafa og langt að sækja í kaupstaðinn (gömlu Akureyrina) enda kom vegur milli bæjarhlutanna ekki fyrr en um 1892 og stundum ófært þangað sökum illviðra og snjóá. Það var ekki fyrr en íslenskt verslunarfélag, Gránufélagið, tók að hreiðra um sig á eyrinni að alvöru uppbygging Oddeyrar sem eins af hverfum Akureyrarkaupstaðar hófst. Félagið var stofnað 1869 og festi þá kaup á gamalli franskri fiskiskútu sem skírð var Grána og breytti henni í kaupskip til að flytja vörur til og frá Íslandi. Tveimur árum síðar keypti Gránufélagið stóran hluta Oddeyrar og hóf verslun í öðru af tveimur húsum er þá stóðu á eyrinni, Gamla Lundi. Þar með var dönskum kaupmönnum, sem þá voru allsráðandi í Akureyrarverslun, sagt stríð á hendur. Gránufélagið hafði ekkert með alla eyrina að gera og hóf því snemma að selja einstaklingum skika og úthluta lóðum. Á sumum þessara bletta voru ræktuð tún, á öðrum reist hús og neðst á eyrinni voru landingarstaðir, fyrst fyrir hákarlaskip og seinna síldveiðiflota bæjarbúa. Þar spruttu líka fram bryggjur og á fjörkambinum voru smíðuð skip. Á fyrri hluta 20. aldar og fram í seinni heimsstyrjöld var helsti sorplosunarstaður bæjarbúa fyrir norðan og neðan Gránufélagshúsin þar sem ösku og öðrum úrgangi var fleygt í stórt og mikið sjávarsíki. Það er nú löngu horfið en í þess stað komnar götur og enn fleiri hús.


Fight against Monopoly

There was little incentive to build on Oddeyri - no work and far from the centre of Akureyri. No roads were built until around 1892, so communications were difficult in inclement weather. However, in 1869, the coming of the Icelandic commercial enterprise, Gránufélag, saw Oddeyri's inclusion into Akureyri township. The company's boat, Grána, transported goods to and from Iceland. Two years later the company set up a store in the building Lundur, sparking fierce competition with Danish traders who had held a monopoly over Akureyri's commercial business. But Gránufélag did not require all their land and sold off small pieces to the townspeople. Some for pasture, others for house building. By the shore were landing places for shark fishers, and later herring boats. Piers sprang up and, on higher ground, vessels were built. From the early 20th century and up to WWII refuse was disposed of below and to the north of Gránufélag's premises. Ash and other waste was thrown into a very large tidal pool, long gone to make way for streets and houses.



Ljósmynd: Guðbjörg S. Björnsson

Vélsmiðja Odda var í Gránufélagshúsunum 1943-93. Í fyrstu áhersla á viðgerðir báta en seinna á almennar vélavíggerðir og nýsmíði. Oddi Machine Shop, 1954. Originally boat repairs, later general machinery, and newbuildings.



Ljósmynd: Óþakkt

Á Oddeyrartanga um 1930. Þar var brædd hákarlalifur og smíðuð skip úti undir berum himni og á bryggjunum söltuð konur síld.

Oddeyrartangi around 1930. Shark liver oil was processed, ships were built in the open air, and on the pier women salted herring.



Ljósmynd: Halldórur Einarsson

Strandgatan um 1920. Bryggjurnar í fjörunni voru settar fram á vorin og teknar upp á haustin. Gránufélagshúsin eru fremst á myndinni.

Strandgata around 1920. Piers were erected in spring and removed in autumn. Gránufélag in the foreground.



Ljósmynd: Þóskortasátt, Jóna Hjalleson

Mannlíf við Strandgötu um 1905. Gránufélagsverslunin var fyrst og fremst vöruskiptaverslun. Bændur komu ríðandi í kaupstaðinn með ferðakoffortin full af ullarvarningi og lögðu inn framleiðslu sína til Gránufélagsins og tóku út vörur á móti.

Life on Strandgata around 1905. Farmers exchanged their produce for goods.



Ljósmynd: Óþakkt

Gránufélagshúsin um 1890. Þau eru í raun þrjú sambyggð hús. Húsið lengst til vinstri kom frá Vestdalseyri við Seyðisfjörð 1873, húsið lengst til hægri kom frá Skjaldarvík 1876 og miðjuhúsið var byggt 1878.

Gránufélag's premises around 1890; three attached houses, on the left from 1873, right from 1876 and centre from 1878.

Hönnun: Tólfur á milli enni - Tólfur á milli enni - Tólfur á milli enni - Ljósmynd: Minjasafnið í Akureyri - Norduroroka góð skilið.



www.visitakureyri.is



MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM

NORÐUROROKA